

- B. Samkvæmt ákvæðum 2. máls. a-liðar 3. gr. laga nr. 83/1989, með síðari breytingum, um Þjóðarbóklöðu og endurbætur menningarbygginga er fjárhæð í 1. máls. a-liðar 3. gr. þeirra laga 5.277.058 kr.
- C. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skal tryggingagjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eigi vera lægri en 748.224 kr. miðað við heilt ár.
- D. Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða III og VI með lögum nr. 65/1997 hækkar grunnfjárhæð til útreiknings sérstaks tekjuskatts sem lagður verður á á árinu 1999. Samkvæmt framangreindu breytast fjárhæðir í umræddu ákvæði til bráðabirgða III sem hér segir:  
Í stað 3.120.000 kr. og 6.240.000 kr. komi: 3.198.000 kr. og 6.396.000 kr.
- E. Fyrirframgreiðslu vegna sérstaks tekjuskatts, sem lagður verður á árið 2000, ber að inna af hendi í mánuðunum ágúst - desember 1999.  
Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða IV og VI, með lögum nr. 65/1997, breytast fjárhæðirnar sem hér segir:  
Í stað 3.120.000 kr. og 6.240.000 kr. komi: 3.198.000 kr. og 6.396.000 kr.

*Reykjavík, 8. janúar 1999.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag urðunarsvæðis við Fíflholt í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag að urðunarsvæði við Fíflholt í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 15. janúar 1999.*

**Óli Jón Gunnarsson**, bæjarstjóri Borgarbyggðar.